

# HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

## STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: HEF veitur ehf.  
kt. 470605-1110

Starfsstöð: Skjöldólfstaðir, 701 Egilsstaðir

Leyfið gildir frá dd. mm 2024 til dd. mm 2036

### Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Seyrugryfju

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skytt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

nn  
heilbrigðisfulltrúi



HAUST

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

# Starfsleyfisskilyrði

## Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: HEF veitur, kt. 470605-1110

Starfsstöð: Skjöldólfstaðir, 701 Egilsstaðir

Leyfið gildir frá dd. mm 2024 til dd. mm 2036

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- Seyrugryfju**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 16. júlí 2024.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit*

### 1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda

Um er að ræða starfsleyfi fyrir seyrugryfju sem staðsett er í landi Skjöldólfstaðar á Jökuldal. Aðeins er um að ræða geymslustað fyrir seyru og er fyrirhugað að nýta seyru til skógræktar.

Aðeins þeir aðilar sem hafa gilt starfsleyfi til meðhöndlunar á seyru hafa heimild til að losa seyru í gryfjuna.

Krafa er um að umhverfis seyrugryfjuna sé fjárheld girðing og skal henni vel við haldið. Á svæðinu skal vera til staðar skilti sem gefur til kynna um hvaða starfsemi er að ræða.

Leyfishafi skal halda saman upplýsingum um magn seyru sem losað er í gryfjuna.

Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti um nýtingu seyrunnar.

Um starfsemina gilda m.a.

- Reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.*
- Starfsleyfisskilyrði vegna meðhöndlunar og jarðgerðar á lífrænum úrgangi þ.m.t. seyru.*